



Áveitan

12. tbl. 12. árgangur. Desember 2018

Skötuveisla Umf. Þjótanda

Í ár eru 20 ár síðan skötuveisla var fyrst haldin í Þjórsárverri á Þorláksmessu og því má segja að um afmælisviðburð verði að ræða þegar dyr Þjórsárvers verða opnaðar fyrir gestum og gangandi þetta árið.

Borðhald hefst kl 12:00 og boðið verður uppá gæða skötu og saltfisk ásamt tilheyrandi meðlæti. Kaffi og konfekt innifalið í miðaverði að venju.

Verðskráin er þessi:

Fullorðnir 2.500 kr.

Börn 6-12 ára 500kr.

Yngri börn fá frítt.

Veislan er ein stærsta fjáröflunarsamkoma félagsins

svo við hvetjum ykkur til þess að fjölmenna og styðja þannig við starfið. Best er að hafa með sér reiðufé þar sem posinn er oftast hægvirkur þennan dag.



Stjórn Umf. Þjótanda

Þjótandabolir

Ungmennafélagið Þjótandi hefur til sölu stuttermaboli merkta félaginu sem eru tilvaldir í jólapakkann. Þeir kosta 2500 kr og fást í stærðum 128-XXXXL. Ef áhugi er fyrir bolakaupum er best að hafa samband við Guðmundu lagerstjóra í síma 846-9775 eða gudmunda89@gmail.com

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Takið eftir, breytt netfang

Ágætu lesendur, takið eftir að Fanney Ólafsdóttir hefur skipt um netfang og er það nú fanneyo80@gmail.com

Bestu kveðjur frá ritnefnd Áveitunnar

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Ánægjulegt er að sjá hvað það er mikil gróska í menningarlífi Flóamanna. Tónahátíð sem var haldin í lok nóvember vakti áhuga margra enda vandað til vals á flytjendum eins og alltaf. Árleg skótuveisla Þjótanda verður í Þjórsárveri á Þorláksmessu, sameiginlegt jólaball kvenfélaganna milli jóla- og nýárs, og svo hafa bændurnir í sveitinni ákveðið að gera sér glaðan dag á sameiginlegu jólahlaðborði í Vatnsholti um miðjan desember. Flott framtak og gaman að búa til vettvang til þess að hittast og gleðjast saman í skammdeginu. Takk fyrir það þið öll sem berið hitann og þungann af öllu skipulagi þessara viðburða.

Nýkjörnar nefndir Flóahrepps hafa verið virkar það sem af er árinu og gott að fá þeirra sýn á málin. Þar kvikna mjög gjarnan góðar hugmyndir sem fylgt er eftir í fundargerðum og sveitarstjórn vinnur með áfram. Þannig eiga allar nefndir sveitarfélagsins þátt í því að skapa aðkomu fleiri aðila að ákvarðanatöku og málefnalegri umræðu um hina mörgu og ólíku málaflokka sem þjónusta sveitarfélagsins snýst um.

Fyrri umræðu um fjárhagsáætlun ársins 2019 er lokið og síðari umræða ákveðin 5. desember. Fyrir liggur að skatttekjur hækka milli ára og sama á við um fasteignagjöld. Svigrúm til þess að fjármagna fyrirbyggjandi verkefni eykst þá að sama skapi verði ekki breyting á framlögum Jöfnunarsjóðs.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á dreifikerfi vatnsveitunnar því mikilvægt er að ná að styrkja núverandi lagnaleiðir vegna aukinnar uppbyggingar á íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði. Ljúka á viðgerðum utanhúss á Félagslundi og halda áfram með endurnýjun á leiksvæði í Flóaskóla. Stærsta einstaka verkefnið er lagning ljósleiðara um sveitarfélagið. Af 10 áföngum verksins verður lokið við tvo á yfirstandandi ári og síðan hina átta á árinu 2019.

Nýr bókari og launafulltrúi Hafdís Júlía Hannesdóttir hefur hafið störf á skrifstofu Flóahrepps í stað Kolbrúnar Skúladóttur. Hafdís Júlía býr á Selfossi og er viðurkenndur bókari. Hún hefur starfað á endurskoðunarskrifstofu, við bókhald hjá fasteignasölu og við bókhald fyrir ýmis smærri fyrirtæki s.l. 27 ár. Við bjóðum hana velkomna til starfa hjá Flóahreppi.

Hvatastyrkir vegna íþróttá og tómsundaiðkunar barna í Flóahreppi, 2018 verða greiddir út í desember.

Sveitarstjórn og starfsfólk á skrifstofu Flóahrepps óska öllum starfsmönnum Flóahrepps, íbúum sveitarfélagsins og lesendum öllum farsællar aðventu, og gleðilegrar jólahátíðar.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri.

Jólahlaðborð á Hótel Vatnsholti 7. desember nk.

Næstkmandi föstudagskvöld hyggjast bændur og fleiri í Flóahreppi fjölmenna á jólahlaðborð í Vatnsholti og gera sér þannig glaðan dag.

Enn er hægt að bætast í hópinn en panta verður í allra síðasta lagi 5. desember hjá Reyni á Hurðarbaki í síma 898-0929.

Miðaverð er 7.900 kr á manninn og borðhald hefst kl. 20:30.

Allir hjartanlega velkomnir.

Þrettándagleði Umf. Þjótanda verður haldin laugardaginn 5. janúar. Nánar auglýst síðar.

Aðventutónleikar

Berglind Björk Guðnadóttir (sópran) og
Jón Sigurðsson (píanó) flytja *lágstemmd
klassísk júlalög* í Félagslund, menningar-
húsi Flóahrepps, þann 8. desember nk.
við *kertaljós og kósýheit* kl. 20:30.



Berglind stundar klassískt söngnám um þessar
mundir við Nýja Tónlistarskólann hjá Alínu Dubik og mun ljúka
burtfararprófi þaðan árið 2020.

Berglind er íbúi í Flóahreppi, gift Davíð Inga Baldurssyni frá Litla-
Ármóti.

Húsið opnar kl.19:30

Aðgangseyrir: 1000 kr. við innganginn

Ókeypis fyrir börn

Léttar veitingar innifaldar í verði og til sölu á staðnum.

Hlökkum til að sjá sem flesta

Pistillinn

Ritnefnd hefur ekki borist pistill tvo mánuði í röð. Við erum þó ekki
tilbúnar að gefa þennan góða efnispátt upp í bátinn og höfum ákveðið
að skora á nýjan pistlahöfund að rita í næsta tölublað. Sá sem fyrir
valinu varð er Aðalsteinn Sveinsson í Kolsholti, og vonumst við til að
hann bregðist skjótt við áskoruninni.

Ritnefnd

Heyrst hefur....

Að nokkrir rauðklæddir og skeggprúðir menn muni vera á ferðinni um Flóahrepp á Þorláksmessu og aðfangadag. Samkvæmt heimildarmanni munu þeir leggja af stað kl 10:00 báða daga. Á Þorláksmessu munu þeir fara um Hraungerðishreppinn, byrja austast og vinna sig í átt að Selfossi en enda á Langholts- og Reykjahringnum. Á aðfangadag skipa þeir liði og fara bæði í Villingaholts og Gaulverjabæjarhrepp. Leiðarlýsing sveinanna þann dag mun verða birt á facebook síðu félagsins að morgni.

Mikilvægt er að allir þeir sem vilja fá heimsókn panti hana hjá umboðsmanni þeirra, Birgittu í Túni með símhringingu eða sms í síma 899-8671 fyrir 20. desember.



Skrifstofa Flóahrepps ætlar að taka við sendingum í vikunni fyrir jól. Einnig verður hægt að koma með sendingar fyrir aðfangadag í Skötuveisluna í Þjórsárveri. Hafa skal pokann merktan bæjarnafni. Það er mjög mikilvægt að allar sendingar hafi borist á réttum tíma svo sveinarnir lendi ekki í vandræðum á heimsóknardaginn.

Verðið er 1000 kr á hverja heimsókn og skal greiðslan fylgja sendingunni. Vonandi munu sem flestir nýta sér þjónustu þessara hressu og kátu karla.

Ef áhugi er fyrir því að fá nokkra hressa karla á jólaböllum eða aðrar skemmtanir á adventunni er um að gera að hafa samband við Stefán Narfa í Túni í síma 894-7911 og kanna hvort hann geti ekki útvegað nokkra gegn gjaldi.

Umf. Þjótandi

Fréttir frá Flóaskóla

Nóvember hefur verið viðburðaríkur í Flóaskóla. 8.nóvember var alþjóðlegur baráttudagur gegn einelti. Í tilefni dagsins var skólastarfið brotið upp og spiluð félagsvist í blönduðum hópum, eldri nemendur aðstoðuðu þau sem yngri eru. Spilaðar voru 5 umferðir og tókst vel til. Nemendur á eldra stigi fengu leikhóp í heimsókn og bauðst þeim að sjá leiksýninguna „Skuggamynd stúlku“ á vegum verkefnisins List fyrir alla (www.listfyriralla.is).

Skuggamynd stúlku er farandleiksýning fyrir unglunga og fjallar um hlutverk þeirra sem verða vitni að einelti. Dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur og voru nemendur með nokkur skemmtiatriði byggð á íslenskri tungu þar sem m.a. voru leiknir málshættir og orðatiltæki, lesin ljóð, leikið og sungið. Nemendur í 1. – 6. bekk sameinuðust að morgni dags með dagskrá í Þjósárveri og komu elstu nemendur leikskólans í heimsókn og fengu að horfa á. Nemendur í 7. – 10. bekk voru með sína dagskrá eftir hádegi sem þau nefndu Ljóðalestur og djúsdrykkja.

Nemendur í 1. – 6. bekk fóru í skógarferð 21.nóvember í Kolsholt 1. Nemendur mættu með vasaljós og var mikið fjör að skoða skóginn, hella og allt umhverfið í myrkrinu og borða nesti úti.

Nemendur í 9. – 10. voru á faraldsfæti í nóvember og fóru dagsferð til Reykjavíkur þar sem þeim gafst m.a. tækifæri til að heimsækja Vísindasmiðju Háskóla Íslands og skoða merka staði í miðbrog Reykjavíkur. Einnig fóru þau í kynnisferð á Selfoss þar sem þau heimsóttu bókasafnið, Mjólkurbúið og fengu kynningu á réttindum og skyldum á vinnumarkaði. Auk þess heimsóttu 8. – 10. bekkur jafnaldra sína á unglingastigi í Reykholti og sáu hjá þeim frumsamið leikrit. Námsefni um mannréttindi voru fléttuð inn í kennslu eldri nemenda í nóvember og þá sérstaklega á alþjóðlegum degi mannréttinda barna þann 20.nóvember. Lokavikan í nóvember var svokölluð kjarnavika hjá 7. – 10. bekk. Nemendur unnu verkefni tengd árinu 1918 í tilefni 100 ára fullveldisafmælis Íslands.

Langþráður draumur nemenda rættis seinni hluta mánaðarins þegar hafist var handa við endurbætur á skólalóðinni. Búið er að skipta um gervigras á

fótboltavellinum auk þess sem komin eru ný körfuboltaspjöld. Í framhaldi af því er svo fyrirhugaðar endurbætur á rólunum og laga svæðið í kringum þær.

Dagskráin í desember verður með nokkuð hefðbundnum hætti, ljósaganga í Villingaholtskirkju, jólahringekjur, hátíðarmatur, stofujól og jólafjör í Þjórsárveri áður en haldið er í jólafrí um hádegi 20. desember. Skólahald hefst að nýju 4. janúar en starfsmenn mæta til vinnu 3. janúar.

Skólajólakveðja frá Flóaskóla

Kæru sveitungar og aðrir lesendur

Hjartans þakkir fyrir stuðninginn við basarinn sem við höldum í Þingborg 3. nóvember s.l. Takk fyrir munina sem þið gáfuð, takk fyrir að kaupa af okkur og styðja okkur þannig. Bestu þakkir fá allir styrktaraðilar fyrir ómetanlegt framlag.


Við náðum að safna um **1,9 milljónum**, - sem er langt fyrir ofan væntingar okkar, en við ákváðum að kaupa búnað í sjúkrabifreiðar HSU. Ákveðið hefur verið að kaupa barkaspegla í þrjá sjúkrabíla, en þeir krefjast sérhæfingar sjúkraflutningamanna, eina dúkku til æfinga á hjartahnoði o.fl. og einn efri part til að æfa t.d. notkun á barkaspeglunum, sem og blástur og hnoð.

En, enn og aftur hjartans þakkir fyrir ykkar mikla stuðning, án ykkar væri þetta ekki hægt. Guð gefi ykkur öllum gleðileg jól, og farsælt komandi ár. Þökkum allan góðan stuðning á liðnum árum.

Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Kvenfélag Hraungerðishrepps
Kvenfélag Villingaholtshrepps

Feðgar á ferð í jólapakkann

Enn eru til nokkrir DVD diskur af Feðgum á ferð ef einhverjum vantar sem tækifærisgjöf eða kaupa sem jólagjöf fyrir jólin 2018, eða bara til að eiga.



Um er að ræða þrjár

þáttaraðir, alls 30 þættir af allskonar skemmtilegu efni, ekki síst úr sveitum landsins + 16 innslög af þættinum „Ísland í sumar“ frá sumrinu 2017. Diskur 1 (fyrsta og önnur þáttaröð, 20 þættir) kostar 1.500 krónur og diskur 2 (þriðja þáttaröðin (10 þættir) + Ísland í sumar innslögin) kostar 1.500 krónur líka. **Kaupi fólk hins vegar báða diskana fara þeir saman á 2.500 krónur.**

Hægt að kaupa beint af Magnúsi Hlyni á Selfossi með því að senda honum einkaskilaboð á Facebook (Magnús Hlynur Hreiðarsson), eða í gegnum netfangið, magnushlynurh@gmail.com

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Opið hús 13. desember

Jólasamveran okkar verður haldin hjá Gunnelli á Lynghæð, fimmtudagskvöldið 13. desember frá kl. 20.00. Þar munum við eiga saman notalega stund. Allar konur taki með sér pakka, að ógleymdum kræsingum á kaffiborðið. Að venju verður gaman saman hjá okkur og hlakka ég til að hitta ykkur og eiga góða stund í aðdraganda jólanna.

Formaður

Kæru kvenfélagskonur og sveitungar

Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsælt nýtt ár. Þökkum af allhug góða samveru og ómetanlegan stuðning við starfið á árinu.

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps

Fjórðungsglíma Suðurlands 2018 - Skjaldarglímur Bergþóru og Skarphéðins

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram að Laugarvatni í Bláskógabyggð fimmtudaginn 9. nóvember. Alls sendu fimm félög innan HSK 52 keppendur og átti Þjótandi þar af 19 keppendur. Þjótandafólk náði góðum árangri eins og sjá má hér að neðan.

Karlar 16 ára og eldri	Vinn.	3 keppendur
1. Stefán Geirsson	2	
2. Jón Gunnþór Þorsteinsson	1	
Stelpur 13 ára	Vinn. 3 keppendur	
3. Erlín Katla Hansdóttir	0,5	
Strákar 12 ára	Vinn. 7 keppendur	
3. Andreas Haraldur Ketel	3	
Stúlkur 12 ára	Vinn. 4 keppendur	
1. Melkorka Álfðís Hjartardóttir	2,5	
Strákar 11 ára	Vinn. 5 keppendur	
4.-5. Arnór Sigmarsson	1	
4.-5. Óskar Freyr Sigurðsson	1	
Stelpur 11 ára	Vinn. 4 keppendur	
1. Svandís Aitken Sævarsdóttir	3	
2. Kamilla Hafðís Ketel	1,5	
4. Ásdís Eva Magnúsdóttir	0,5	
Strákar 10 ára og yngri	Vinn. 8 keppendur	
1. Sæþór Leó Helgason	4+2	
3. Björgvin Guðni Sigurðsson	1,5+2	
4. David Örn Sævarsson	1+2	
5. Gísli Svavar Sigurðsson	0,5+2	
7.-8. Axel Örn Sævarsson	0	
7.-8. Hrafnkell Sigmarsson	0	
Stúlkur 10 ára og yngri	Vinn. 7 keppendur	
2. Ásrún Júlía Hansdóttir	4+1	
3. Margrét Lóa Stefánsdóttir	4+0	
6. Kristjana Ársól Stefánsdóttir	1	

Að lokinni Fjórðungsglímunni voru glímdar 17. Skjaldarglíma Bergþóru og 94. Skjaldarglíma Skarphéðins en þær eru hluti héraðsmóts HSK í glímu. Úrslit fóru á þá leið að Stefán Geirsson Umf. Þjótanda sigraði glímuna um Skarphéðinsskjöldinn í 14. sinn og Jón Gunnþór Þorsteinsson Umf. Þjótanda hafnaði í þriðja sæti en þrjár keppendur glímdu um skjöldinn að þessu sinni.

REKO Suðurland

Hugmyndafræði REKO gengur út á að gefa neytendum/veitingamönnum og bændum/heimavinnsluaðilum/smáframleiðendum innan ákveðins svæðis tækifæri til að stunda milliliðalaus viðskipti og nýta sér Facebook til þess að kynna vörur sínar og stofna til viðskipta. Stofnaðir hafa verið fjölmargir REKO hópar á Facebook og kenna þeir sig við ákveðin svæði. Hugsunin er sú að þeir framleiðendur sem eru innan þess svæðis (sbr. **REKO Suðurland**) selji sínar vörur þar.

Tilgangurinn er að efla nærsamfélagsneyslu og færa framleiðendur og neytendur nær hver öðrum, gera matarhandverki/heimavinnslu hærra undir höfði og færa smáframleiðendur ofar í virðiskeðjuna.

Í REKO mega allir framleiðendur selja sínar afurðir sem hafa til þess tilskilin leyfi. Ætlast er til að öll sala sé með löglegum hætti. Seljandi ber ábyrgð á að tryggja öryggi matvælnanna og að gæði þeirra skili sér frá framleiðslu til afhendingar.

Í Finnlandi og víðar hafa bændur/heimavinnsluaðilar/smáframleiðendur náð að auka veltuna umtalsvert með þátttöku í REKO og því er ástæða til að ætla að sama eigi við hérlandis.

Sala og kaup

Fyrirkomulagið er þannig að framleiðendur setja inn færslu um þær vörur sem þeir hafa að bjóða ásamt kaupverði inn í þann viðburð (event) sem er búinn til fyrir hvern afhendingardag.

Áhugasamir kaupendur skrifa í athugasemdum (comments) við færsluna hvað og hve mikið þeir vilja kaupa eða hafa samband beint við framleiðanda í gegnum tölvupóst eða einkaskilaboð. Kaupendur geta líka sett inn óskir um tiltekna vöru og þá bregðast seljendur við því. Seljendur sjá um að senda reikning á kaupendur með rafrænum hætti og fer greiðsla einnig fram rafrænt.



Afhending

Stjórnandi/ur hópsins ákveða staðsetningu, dagsetningu og tíma afhendingar.

Afhendingartími miðast við klukkustund og EKKI er leyfilegt að selja á staðnum eða taka við greiðslu.

Fyrsta afhending REKO Suðurland mun eiga sér stað þann 15. desember n.k. kl:11-12 í húskynnum Jötunn véla á Selfossi. Við hvetjum framleiðendur og kaupendur í Flóahreppi til þess að kynna sér þessa hugmyndafræði með því að finna hópinn á Facebook og í framhaldi skrá sínar vörur til sölu.

Fyrir hönd Atvinnu- og umhverfisnefndar
Ingunn Jónsdóttir

Frá Villingaholts og Hraungerðiskirkjum:

Aðventusamvera í Hraungerðiskirkju

Sameiginlegt aðventukvöld Villingaholts - og Hraungerðissókna verður í **Hraungerðiskirkju sunnudagskvöldið 9. desember kl. 20.00**. Ræðumaður kvöldsins er Elín Bjarnveig Sveinsdóttir. Söngkór Villingaholts- og Hraungerðissókna syngur undir stjórn Guðmundar Eiríkssonar, prestur sr. Ninna Sif Svavarsdóttir.

25. desember, jóladagur. Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl.

11:00. Kór Villingaholts og Hraungerðissókna syngur undir stjórn Guðmundar Eiríkssonar. Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir .

25. desember, jóladagur. Hátíðarmessa í Laugardælakirkju kl.

13:00. Prestur sr. Guðbjörg Arnardóttir

26. desember, annar í jólum. Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju

kl. 11:00. Kór Villingaholts og Hraungerðissókna syngur undir stjórn Guðmundar Eiríkssonar. Prestur sr. Axel Árnason Njarðvík.

Njótum góðra stunda saman á aðventu og um jólahátíðina í kirkjunum okkar. Óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og heillaríks komandi árs.

DAGUR ÍSLENSKRAR TUNGU

Þann 16. nóvember 2018 héldum við krakkarnir á eldra stigi í Flóaskóla upp á dag íslenskrar tungu, með hátíðinni *Ljóðalestur og djúsdrykkja*. Allir nemendur í 7.-10. bekk stigu á svið og voru með atriði. 10. bekkjar strákarnir sungu ljóðið: Minkurinn í hænsnakofanum, 10. bekkjar stelpurnar lásu upp ljóðið Mannkynssagan, 9. bekkur var með málshætti sem nemendur léku, 8. bekkur las ljóð eftir Þórarinn Eldjárn og svo var 7. bekkur með Lofsönginn sem þau sungu öll saman. Eftir þetta áttum við góða stund saman og drukkum djús og borðuðum kex.

Bestu kveðjur, stelpurnar í 7. bekk Flóaskóla.



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Fréttir frá Krakkaborg

Lóudeild heitir deildin fyrir yngstu nemendur leikskólans. Þar er Könnunarleikurinn ein helsta námsleið nemenda.

Könnunarleikur nefnist á ensku "Heuristic Play with Objects". "Heuristic" er að uppruna gríska orðið "eurisko" sem þýðir **að uppgötva eða öðlast skilning á**. Þessi merking lýsir nákvæmlega því sem nemendur eru að gera í þessum leik. Með því að nota þetta óvenjulega orð er vakin athygli á því hve leikur barna er merkilegur og mikil reisin yfir honum. Börn starfa af eigin hvötum ef þau fá viðeigandi hluti sjálf og fyrir sig sjálf, án þess að fullorðnir stýri þeim. Þessi leikur er þekktur víða utan Englands og má þar nefna Skotland, Spán og Ítalíu, og hefur verið að færast í vöxt að nota þennan leik hér á landi.

Hlutirnir sem börnin fá í Könnunarleik eru ekki venjuleg plastleikföng úr búð. Þetta eru alls konar hversdagslegir hlutir og ílát s.s. stórar dósir, kökubox, öskjur úr pappa eða tré, þvottaklemmur úr tré (gamaldags, ekki með gormi), ullardúskar, rör og pappahólkar, könglar, skeljar og margt, margt fleira. Það er ekki nýtt að börn leiki sér með það sem við köllum verðlaust efni en hér er á ferðinni sérstök útfærsla á því að nálgast efniviðinn með ákveðinn tilgang í huga.

Hinn fullorðni stýrir ekki leiknum, en lykilatriði í Könnunarleikjastund er að hann sé til staðar og með vakandi áhuga. Leikur sem barn stjórnar sjálft felur í sér eigin umbun, þar sem hrós og athugasemdir eru óþarfar. Kennari gerir skráningu um leik nemendanna, ýmist skriflega eða myndrænt og notar niðurstöður úr skráningum annars vegar til þess að vinna að einstaklingsnámskrá hvers nemanda og hinsvegar til þess að miðla til foreldra upplýsingum.

Könnunarleikjastund stendur alla jafna í 45-60 mínútur en þriðjung af tímanum þarf að nota til að taka saman. Tíminn, sem fer í tiltekt, er jafn mikilvægur tímanum sem fer í leik og er í raun framlenging á leiknum. Á meðan á leiknum stendur talar hinn fullorðni ekkert en í tiltektinni nefnir hann hlutina sem hann vill að nemendur setji í hvern poka, og hugtök svo sem inn í, ofan í, eins og, fyrir aftan, fyrir framan, undir, bakvið o.s.frv. Þessar stundir eru í miklu uppáhaldi hjá mörgum, nemendum sem og kennurum!

Jólaguðspjónusta verður í Gaulverjabæjarkirkju kl. 14 á jóladag.



UPPSKRIFTARHORNID

Ég vil þakka Jóni kærlega fyrir þessa áskorun. Ég er nú ekkert séstaklega liðlegur í eldhúsinu en hins vegar á ég það til að henda í pönnukökur á sunnudögum. Tengdamóðir mín bakaði nefnilega bestu pönnukökur sem hægt var að fá og var ég búin að reyna að fá eiginkonuna til þess að baka þær í mörg ár en hún neitaði. Þá googlaði ég þessa finu uppskrift og hefur enginn á heimilinu kvartað ennþá.

Pönnukökur „ala google“

200 grömm hveiti
2 msk. Sykur
½ tsk salt
½ tsk matarsódi
2 egg
1 tsk vanilludropar
Ca. ½ lítri mjólk
50 grömm smjör

Sykri, hveiti, salti og matarsóða er blandað saman ásamt hluta af mjólkinni. Þeytt saman þar til deigið er kjekkjalaust. Smjörrið er brætt í potti. Þá er eggj, vanilludropum, rest af mjólk og smjörinu bætt út í. Ef deigið er þykkt er bætt örlítilli mjólk við.

Ég vil skora á Brynjar Jón Stefánsson í Hófgerði um að koma með uppskrift í næsta blað. Hef fulla trú á að hann snari fram einhverri snilldaruppskrift.

Einar Hjálmarsson, Langsstöðum

Áveitan óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, með þökk fyrir góð samskipti á árinu sem er að líða.



Íþróttarárslit

Þjótandi átti fjóra hörkuduglega keppendur á Silfurleikum ÍR sem fram fór 24. nóvember í Laugardalshöllinni. Piltarnir stóðu sig þrýðilega og litu margar bætingar dagsins ljós hjá þeim. Hér má sjá árangurinn þeirra:

Helgi Reynisson	’08	60m hlaup	10,05 sek	35. sæti
		600m hlaup	2:21,32 min	53. sæti
		Kúluf.(2kg)	6,92m	21. sæti
		Langstökk	3,50m	30. sæti
Sigurjón Reynisson	’05	60m hlaup	9,22 sek	12. sæti
		600m hlaup	1:49,36 min	2. sæti
		60m gr.(76,2cm)	11,74 sek	5. sæti
Unnsteinn Reynisson	’03	60m hlaup	7,95 sek	5. sæti
		200m hlaup	25,57 sek	3. sæti
		60m gr.(84 cm)	9,76 sek	1. sæti
		Hástökk	1,74m	3. sæti
		Kúluf.(4kg)	11,07m	3. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	’01	60m hlaup	8,13 sek	11. sæti
		Kúluf.(5kg)	10,84m	7. sæti

Frá Villingaholtskirkjugarði

Kæru sveitungar og aðrir.

Kveikt hefur verið á leiðislýsingu í kirkjugarðinum eins og venjan er. Kirkjugarðurinn er einn af fáum kirkjugörðum sem ekki hafa látið fólk borga fyrir að setja upp krossa á leiði ástvina. En eins og allir vita, þá er rafmagnið ekki ókeypis og er hér með óskað eftir að fólk greiði kr: 1.500,- fyrir hvern kross sem settur er í garðinn, til að vega upp á móti kostnaði. EKKI verður rukkað fyrir neinn kross, aðeins er þetta vinsamleg beiðni til ykkar.

Leggja má inn á reikning 0152-15-381326, Kt: 510489-1799, eigandi Villingaholtskirkjugarður.

Með fyrirfram þökk, sóknarnefndin

Jólaball í Félagslundi 29. desember

Kvenfélögin þrjú í Flóahreppi halda sameiginlegt jólaball fyrir börnin í hreppnum og þeirra gesti í Félagslundi laugardaginn 29. desember kl. 13:30. Hljómsveitin Fjölskyldubandið sér um fjörið, sveinar kíkja við og saman gleðjumst við. Gestir eru beðnir um að koma með bakkelsi á sameiginlegt hlaðborð. Kaffi, te og djús verður í boði. Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir 6 ára og eldri. Athugið: enginn posi á staðnum. Um kvöldið kl. 20 verður spiluð félagsvist í Félagslundi eins og undanfarin ár. Jólakveðja til allra sveitunga.

Kvenfélag Hraungerðishrepps
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Kvenfélag Villingaholtshrepps



Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	4. desember
Æfingar í Þingborg	5. desember
Jólahlaðborð í Hótel Vatnsholti	7. desember
Aðventutónleikar í Félagslundi	8. desember
Aðventusamvera í Hraungerðiskirkju	9. desember
Glímuæfing	11. desember
Æfingar í Þingborg	12. desember
Jólasamvera Kvenfélags Villingaholtshr.	13. desember
Glímuæfing	18. desember
Skötuveisla í Þjórsárveri	23. desember
Jólasveinar á ferð	23. desember
Jólasveinar á ferð	24. desember
Jólamessa í Gaulverjabæjarkirkju	25. desember
Hátíðarguðspjónusta í Hraungerðiskirkju	25. desember
Hátíðarguðspjónusta í Laugardælakirkju	25. desember
Hátíðarguðspjónusta í Villingaholtskirkju	26. desember
Jólaball í Félagslundi	29. desember
Þrettándagleði Umf. Þjótanda	5. janúar